

Tillaga til þingsályktunar

um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar.

Flm.: Karl Gauti Hjaltason, Anna Kolbrún Árnadóttir, Ásmundur Friðriksson, Bergþór Ólason, Birgir Þórarinsson, Björn Leví Gunnarsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Ólafur Ísleifsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Páll Jónsson, Þorsteinn Sæmundsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að kanna hagkvæmni og möguleika þess að reisa hátæknisorpbrennslustöð sem meðhöndli mest allt eða allt sorp sem ekki er unnt að endurvinna hér á landi. Ráðherra kynni Alþingi niðurstöður könnunarinnar fyrir 1. apríl 2021.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt á 149. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Tillagan var aftur lögð fram á 150. löggjafarþingi (86. mál) og gekk til umhverfis- og samgöngunefndar sem sendi málið til umsagnar. Er tillagan nú lögð fram að teknu tilliti til umsagna sem bárust við síðustu framlagningu.

Hér á landi hefur magn úrgangs að mestu farið vaxandi síðustu ár. Árið 2016 nam magn úrgangs sem féll til yfir milljón tonna og náði magnið sögulegu hámarki árið 2017 þegar það var 1,4 milljónir tonna. Árið 2018 féll aftur á móti til 100.000 tonnum minna af úrgangi en árið á undan. Í ársskýrslu Umhverfisstofnunar árið 2019 kemur fram að árið 2018 hafi fallið til um 712 kg á hvern íbúa á Íslandi af heimilisúrgangi sem sé mjög hátt miðað við meðaltal innan Evrópusambandsins. Hafa þarf þó í huga að heimilisúrgangur er ekki aðeins upprunninn frá heimilum heldur fellur sams konar úrgangur til hjá fyrirtækjum, t.d. hótelum og mötuneytum.

Hluti úrgangsins fer til endurvinnslu en það sem eftir stendur er að mestu urðað á urðunarstöðum víðs vegar um landið, m.a. í Álfsnesi, í Fíflholti á Mýrum og við Blönduós, ásamt öðrum úrgangi. Sorpa Álfsnesi hefur starfsleyfi til að taka á móti og urða allt að 120 þúsund tonnum af úrgangi á ári. Árið 2018 voru urðuð 141.358 tonn í Álfsnesi og 132.609 tonn árið 2017. Sorpurðun Vesturlands hefur heimild fyrir urðun úrgangsefna í Fíflholti á Mýrum allt að 15.000 tonnum á ári. Árið 2018 voru urðuð 15.457 tonn af úrgangi þar. Norðurá hefur heimild til að urða allt að 21.000 tonnum við Stekkjarvík í landi Sölvabakka við Blönduósba. Árið 2018 voru urðuð þar 21.745 tonn en árið 2017 20.523 tonn.

Urðun úrgangs getur valdið grunnvatnsmengun um langa framtíð sé ekki rétt staðið að málum. Síðustu ár hefur heimilisúrgangur ekki verið fluttur frá Íslandi til brennslu í öðrum ríkjum en spilliefni, t.d. olíuúrgangur, hefur verið sendur til annarra ríkja til endurnýtingar, t.d. til notkunar sem eldsneyti eða á annan hátt til orkuframleiðslu. Nýlega hafa því komið upp hugmyndir um að sigla með sorp til Svíþjóðar og fleiri landa til brennslu í svokölluðum hátæknisorpbrennslustöðvum.

Sorpbrennslustöðvar eru útbúnar sérstökkum tækni- og hreinsibúnaði til að brenna úrgang og hægt er að nýta varmann sem myndast við brennsluna. Árið 2016 voru starfræktar 2.200 WTE (waste-to-energy) sorpbrennslustöðvar í heiminum. All margar þessara sorpbrennslustöðva eru í Evrópu. Á Íslandi er ein sorpeyðingarstöð sem hefur leyfi til sorpbrennslu, en það er móttöku-, flokkunar- og brennslustöðin Kalka, sem er í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Stöðin getur brennt allt að 12.300 tonnum á ári og er útbúin hreinsunarbúnaði sem heldur mengun í lágmarki. Í stöðinni er nú mest allt sjúkrahússorp á landinu brennt auk hluta af þeim spilliefnaúrgangi sem til fellur. Unnt er að framleiða orku úr sorpinu, en rafmagnsframleiðsla hefur legið niðri um árabíl. Afgangsvarmaorkan er nýtt að hluta til að hita upp hús og plön Kólku.

Evrópusambandið stefnir að því að einungis 10% af öllum úrgangi sem til fellur árið 2035 verði urðaður og tekin hefur verið upp sú stefna í mörgum löndum Evrópu að brenna fremur sorpi en að urða það.

Samkvæmt landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013–2024 er stefnt að því að bæta nýtingu úrgangs og draga verulega úr urðun. Þar kemur m.a. fram að urðun er algengasta förgunarleið úrgangs hér á landi en urðunarstöðum hefur þó fækkað töluvert á síðustu árum, m.a. vegna hertra krafna um mengunarvarnir.

Um meðhöndlun úrgangs á næstu árum er jafnframt fjallað í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir árin 2009–2020 sem tekur til starfssvæðis sorpsamlaganna Sorpu bs., Kólku sorpeyðingarstöðvar sf., Sorpstöðvar Suðurlands bs. og Sorpurðunar Vesturlands hf. Þar kemur m.a. fram að stjórnir sorpsamlaganna hafa ákveðið að hætta urðun lífræns og brennanslegs úrgangs eigi síðar en árið 2020. Stefnt er að því að draga úr myndun úrgangs en meðhöndla lífrænan úrgang með gas- og jarðgerðarstöðvum eins og fært er. Fjallað er um ólíkar aðferðir við meðhöndlun úrgangs og forgangsröðun þeirra, þar á meðal úrgangsflokka sem þarf að brenna. Í því sambandi er m.a. gert ráð fyrir að könnuð verði hagkvæmni brennslustöðvar með varmaendurvinnslu og hvort hagkvæmt sé að flytja sorp til brennslu erlendis.

Ljóst er að með vaxandi kröfum í umhverfismálum verða þjóðir heims hver fyrir sig að sjá um að eyða því sorpi sem til fellur hjá þeim með umhverfissvænum og hagkvæmum hætti. Því er tímabært að Íslendingar komi á fót eigin hátæknisorpbrennslustöð sem byggð yrði samkvæmt ýtrustu kröfum um mengunarvarnir.

Hátæknisorpbrennslustöðvum fylgja fjölmargir kostir. Með því að brenna sorpi í hátæknibrennslustöð er sorpinu breytt í nýtanlega orku, raforku og hitaorku. Þá skila nýjustu hátæknisorpbrennslustöðvarnar tiltölulega lítilli loftmengun, langt innan þeirra marka sem leyfileg eru. Minna land fer til spillis og grunnvatn mengast síður.

Sem dæmi má nefna nýja hátæknisorpbrennslustöð á Amager í Kaupmannahöfn, en stöðin tók til starfa um mitt ár 2017. Það ár var tæplega 242.000 tonnum af sorpi brennt í stöðinni. Gert er ráð fyrir að stöðin meðhöndli um 400.000 tonn af úrgangi árlega sem stafi frá um 600.000 íbúum og um 46.000 fyrirtækjum. Úr úrganginum er unnið rafmagn og hiti til um 150.000 heimila. Árið 2018 var 443.000 tonnum af sorpi brennt í stöðinni. Framleiddar voru 1.090.000 megavattstundir af hita en 169.000 megavattstundir af rafmagni. Í brennslunni eru tveir ofnar sem brenna hvor um sig 25–35 tonnum af sorpi á 1,5–2 klukkustundum. Hitinn við brennsluna er yfir 1000°C sem dregur úr mengun, þar sem færri mengandi efni losna við brennsluna. Til marks um hversu mengunarlítill stöðin á Amager er hafa útveggir brennslunnar verið útbúnir sem klifurveggir og af þakinu liggja skíðabrekkur.

Á 150. löggjafarþingi sendi umhverfis- og samgöngunefnd málið til umsagnar og í umsögn sem barst nefndinni kom fram að gert væri ráð fyrir að árið 2035 þurfi að farga um

140 milljónum tonna á ári af úrgangi innan Evrópusambandsins þrátt fyrir að öllum áætlunum þess um hringrásarhagkerfi væri náð, endurvinnsla hefði náð nýjum hæðum og urðun sorps væri undir 10%. Séu sömu forsendur yfirfærðar á Ísland má gera ráð fyrir að hér á landi verði magnið um 100.000 tonn á ári og þar af um 50–70 þúsund tonn af úrgangi á ári frá höfuðborgarsvæðinu. Byggingarkostnaður fyrir hátæknisorpbrennslustöð kynni að vera á bilinu 18–22 milljarðar kr. og gæti slík stöð ekki keppt við orkuverð frá vatnsafls- eða jarðvarmavirkjunum. Þó mætti líta svo á að fresta mætti öðrum virkjunarkostum um einhvern tíma.

Mikilvægt er að Íslendingar stígi skref í þá átt að endurvinnna sem mest af því sorpi sem hér fellur til og eyða því sem eftir stendur með þeim hætti sem frekast er fallinn til að vernda náttúru og umhverfi. Þannig verði stuðlað að verndun náttúrunnar fyrir núlifandi og komandi kynslóðir og sýnt í verki að Íslendingar taki ábyrgð á að farga eigin sorpi með eins lítilli mengun fyrir umhverfið og nokkur kostur er.

Í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fer nú fram vinna við gerð stefnu í úrgangsmálum en drög að stefnunni voru send á umsagnaraðila í júlí síðastliðnum. Flutningsmenn fagna því að sett verði heildstæð stefna í úrgangsmálum en telja afar brýnt að Alþingi lýsi yfir vilja sínum hvað varðar byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar á afgerandi hátt með samþykkt tillögu þessarar.

Í ljósi alls framangreinds er lagt til að ráðherra verði falið að kanna möguleika þess að reisa hátæknisorpbrennslustöð. Slík stöð gæti meðhöndlað brennanlegt sorp frá landinu öllu. Eftir atvikum skuli athugað að bera saman kost þess að reisa hátæknisorpbrennslustöð við aðra möguleika á úrvinnslu sorps. Í könnuninni yrði lagt mat á hvaða aðili (ríki, sveitarfélögin eða aðrir aðilar) stæði að byggingu og rekstri slíkrar stöðvar, hversu stór hún þyrfti að vera og hvar hagkvæmt væri að reisa hana, m.a. með hliðsjón af flutningi sorps milli landshluta. Mikilvægt er í upphafi að kanna samstarfsvilja allra sveitarfélaga til verkefnisins, en sveitarfélög ákveða fyrirkomulag söfnunar heimilis- og rekstrarúrgangs og meðhöndlun úrgangsins. Jafnframt þarf að kanna hvaða verð væri unnt að bjóða fyrir förgun úrgangs og hvort og hversu hátt gjald sveitarfélögin væru tilbúin til að greiða. Þannig yrðu kannaðir kostir og gallar við byggingu og rekstur slíkrar stöðvar með tilliti til förgunarkosta sem nú eru nýttir og ráðgert er að nýta. Jafnframt yrði könnuð raforku- og varmaframleiðsla sem slík stöð gæti skilað og selt frá sér. Gert er ráð fyrir að ráðherra kynni Alþingi niðurstöður könnunarinnar fyrir 1. apríl 2021.